

# ÁRSSKÝRSLA 2015

NÝSKÖPUNARSJÓÐUR



# EFNISYFIRLIT


Mikilvægir áfangar	4-5
Ávarp stjórnarformanns	6-7
Ávarp framkvæmdastjóra	8-9
Stjórn Nýsköpunarsjóðs	10-12
Starfsmenn	13-14

## ÁRSREIKNINGUR

Áritun óháðra endurskoðenda	18
Áritun stjórnar	19
Rekstrarreikningur	20
Efnahagsreikningur	21-22
Yfirlit um sjóðstreymi	23
Skýringar með ársreikningi	24

# MIKILVÆGIR ÁFANGAR

## Á ÁRINU 2015



MENTIS CURA FJÁRMÖGNUN

NÝ ÚTGÁFA AF MENTOR  
SETT Á MARKAÐ

AGR OG REYND  
SAMEINAST

KAPTIO  
FJÁRMÖGNUN

DES

ANDREA MAACK SETUR  
NÝJAN ILM Á MARKAÐ

NSA LEIÐIR  
FJÁRMÖGNUN SÓLFARS

COOORI STEFNUBREYTING







# ÁVARP STJÓRNARFORMANNS



**ALMAR GUÐMUNDSSON**  
STJÓRNARFORMAÐUR

Árið 2008 verður lengi viðmiðun fyrir Íslendinga í efnahagslegu tilliti. Þá breyttust forsendur okkar verulega. Stjórnvöld, fyrirtæki og heimili þurftu að taka stórar ákvarðanir og bregðast við aðstæðum. Það er óhætt að fullyrða að margt hefur áunnist á þeim átta árum sem liðin eru.

Að flestu leyti er grunnurinn sem við byggjum nú á góður. Skuldsetning ríkissjóðs hefur minnkað verulega og að auki hafa skuldir fyrirtækja og einstaklinga minnkað hratt. Það er einnig áhugavert að horfa á hvernig tekjurnar í heimilisbókhaldi Íslendinga hafa breyst. Við byggjum nú okkar útflutning á fjórum stoðum. Þær eldri; sjávarútvegur og orkutengdur iðnaður, skapa góðan og mikilvægan grunn, efnahagslega og þekkingarlega en vaxa ekki hratt. Tekjur af ferðaþjónustu vaxa aftur á móti á miklum hraða eins og frægt er orðið þótt líklegt sé að brátt hægist nokkuð á þeim vexti. Fjórða stoðin; hugverkaiðnaður, vex líka mjög hratt. Útflutningsverðmæti hennar hefur vaxið um ríflega 100 milljarða króna frá árinu 2008. Það er líklega of vel geymt leyndarmál og mætti gjarnan fá meiri athygli. Fjórða stoðin skapar mikil verðmæti og byggir ekki á takmörkuðum náttúruauðlindum þótt hún byggi m.a. á þekkingunni sem í nýtingu þeirra felst. Hún laðar einnig til landsins dýrmæt og vel borgandi störf.

Það er hollt að líta átta ár aftur í tímann. En það er enn mikilvægara að spyrja: Hvar viljum við standa eftir önnur átta ár? Hverjar eru mikilvægustu áherslurnar í uppbyggingu atvinnulífsins þegar við horfum til ársins 2024?

Það er augljóst að hlúa þarf að öllum fjórum útflutningsstoðunum en myndin sem blasir við er mismunandi eftir því hvar okkur ber niður. Í mínum huga stendur Ísland á

tímamótum þar sem vaxtartækifæri í útflutningi munu færast æ meira yfir í tækni- og hugverkagreinir og að sjálfsögðu þarf stefnumörkun stjórnvalda og atvinnulífs að taka mið af því. Við þurfum t.d. að átta okkur á að það er gríðarleg samkeppni milli vestrænna þjóða um öflug fyrirtæki og frumkvöðla á þessum sviðum. Þótt ýmislegt hafi áunnist undanfarin misseri erum við enn of aftarlega á merinni hvað þetta varðar og aðlögunst hægar en nágrennaþjóðirnar. Ganga þarf mun lengra í að nýta skattalega hvata af ýmsum toga til að laða fyrirtæki, frumkvöðla og sérfræðinga til landsins en slíkt gegnir að sjálfsögðu líka því mikilvæga hlutverki að halda starfsemi þekkingarfyrirtækja í landinu. Eðlilega vaxa fyrirtækin út fyrir Ísland en það er mikilvægt að þekking og arður af uppbyggingu hennar sitji eftir í sem mestum mæli. Þá þarf að hlúa að ýmsum innviðum t.d. hvað varðar gagnatengingar til og frá landinu og innanlands. Þessar samgöngur nútímans eru ótrúlega mikilvægar. Stórefla þarf menntun og rannsóknir sem byggja á raungreinum, tækni og virkjun hugans. Fyrirtækin okkar þurfa líka að gera betur í að taka á móti nýjum tímum og efla allt starf sem lýtur að rannsóknum og þróun. Allt þetta getur skapað öflugri hugverkaiðnað á Íslandi, varanlegri hagvöxt og eftirsóknarverð störf fyrir unga fólkið okkar.

Það er heppilegt í þessu samhengi að framundan eru kosningar til Alþingis. Það verður fróðlegt að fylgjast með áherslum stjórnmalaflokka hvað þessi mál varðar. Hvaða framtíðarsýn hafa þeir þegar kemur að því að efla atvinnulíf á Íslandi þegar litið er fram til ársins 2024?

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins gegnir mikilvægu hlutverki þegar kemur að uppbyggingu hugverkageirans á Íslandi og það styður svo sannarlega við ofangreind markmið og framtíðarsýn. Í skilgreindu lykilhutverki sjóðsins felst m.a. að hann sýni frumkvæði að því að laða fjármagn að áhættufjárfestingum og að sjóðurinn sé traustur og eftirsóttur samstarfsaðili við aðra fjárfesta. Sjóðurinn hefur markað sér djúp spor í uppbyggingu virks fjárfestingaumhverfis nýsköpunar- og sprotafyrirtækja. Að sjálfsögðu viljum við halda þeirri vegferð áfram.

Ég vil færa starfsfólki sjóðsins og Helgu Valfells, framkvæmdastjóra, þakkir fyrir þeirra frábæra framlag til sjóðsins. Ég færi jafnframt samstarfsfólki mínu í stjórn bestu þakkir fyrir gott og heilt samstarf.



**HELGA VALFELLS**  
FRAMKVÆMDASTJÓRI

## EF VIÐ VÆRUM Í TÖLVULEIK ...

Þeir sem einhvern tímann hafa spilað tölvuleik vita að til að komast áfram þarf maður að sigrast á ýmsum áskorunum í ytra umhverfi með því að hoppa, skoppa og stundum jafnvel kasta sprengjum til að komast upp á næsta borð. Árið 2015 færðist umgjörð nýsköpunar á Íslandi upp á næsta borð með auknum tækifærum og meira fjármagni.

Töluverðar breytingar voru á því umhverfi sem Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins (NSA) starfar í og tæknibyltingin hélt áfram. Tækni, eins og sýndarveruleiki og sjálfkeyrandi bílar, fóru að taka á sig markaðshæfa mynd. Verðmat á fyrirtækjum erlendis fór hækkandi á fyrri hluta ársins og svokallaðir einhyrningar eða „Unicorns“ virtust vera alls staðar. Á Íslandi voru stofnaðir þrír nýir nýsköpunarsjóðir sem sameiginlega munu fjárfesta fyrir um 10 milljarða á næstu 10 árum.

Umhverfið tekur sífelldum breytingum og sjóðurinn þarf að aðlagast breyttu landslagi. Staða Nýsköpunarsjóðs í dag er sú að sjóðurinn býr yfir mikilli reynslu en minna fjármagni. Við höfum ekki efni á að kaupa okkur vopn í tölvuleiknum heldur þurfum að nota eigin hæfni til að fá að spila með og komast upp á næsta borð.

Tækniþróun er á fleygiferð í heiminum. Árið 2015 fékk Nýsköpunarsjóður mörg spennandi erindi um fjárfestingartækifæri sem fylgdu þeim breytingum sem eru að verða í heimi tækninnar. Ákveðið var að nýta fjármagn sjóðsins til að fylgja eftir fyrri fjárfestingum og fara aðeins inn í eina nýja fjárfestingu. NSA leiddi fjárfestingu í fyrirtækinu Sólfari. Þetta er spennandi fyrirtæki sem er eitt fyrsta fyrirtækið í heiminum til að koma með markaðslausn á sýndarveruleika. Sólfar er með frábæra vöru og teymið í félaginu býr yfir mikilli reynslu. Enn sem komið er hefur ekki neinn einn aðili

á markaði sýndarveruleika náð ráðandi stöðu og því hefur lítið fyrirtæki frá Íslandi góða möguleika á að ná góðri stöðu á þessum markaði. Því varð Sólfar og sýndarveruleiki sú tækninýjung sem við veðjuðum á árið 2015.

Starfsmenn NSA hafa fylgst náið með því hvernig verðmöt á nýsköpunarfyrirtækjum hafa farið síhækkandi undanfarin ár. Hækkandi verðmat getur verið fagnaðarefni þegar verið er að selja fyrirtæki en síður þegar verið er að fjárfesta. Til að hagnast á nýsköpun þurfa fjárfestingarsjóðir eins og NSA að fjárfesta á sanngjörnu verði til að geta selt hlut sinn á mun hærra verði eftir 5 til 10 ár. Einhyrningar (Unicorns) er slangurýrði yfir fyrirtæki sem eru metin á yfir einn milljarð dollara við fjárfestingu. Nýsköpunarfyrirtæki sem eru metin á meira en einn milljarð dollar eiga að vera sjaldséð eins og einhyrningar í ævintýrum en undanfarin ár hefur slíkum fyrirtækjum fjölgað hratt.

Nú er þessi þróun að snúast við og verðmöt á fyrirtækjum fara lækkandi. Fjárfestar hérlendis sem erlendis gera aukna kröfu um að fyrirtæki sýni getu til að ná veltu og jákvæðu fjárstreymi. Þessi hugsun hentar íslenskum fyrirtækjum ágætlega. Hérlendis hefur verðmat fyrirtækja verið hófstíllt. Íslensk fyrirtæki hafa ekki vanist því að hafa endalausn aðgang að fjármagni. Íslenskir frumkvöðlar eru vanir að gera mikið fyrir lítið. Vonandi leiðir þessi nýja hugsun í heiminum til þess að við sjáum enn fleiri erlenda aðila fjárfesta í íslenskum fyrirtækjum. Við hjá NSA höfum nefnilega fundið að það getur verið gott að fá erlenda fjárfesta með þeim íslensku. Fjárfestarnir koma yfirleitt með djúpa vasa, þekkingu og sambönd sem nýtast fyrirtækjunum vel. NSA hefur lagt sig fram við að byggja upp netverk vandaðra fjárfesta sem skoða fjárfestingatækifærin með sjóðnum. Til dæmis leiddi NSA fjárfestinguna í Sólfari þar sem sjóðir frá Finnlandi og Kína fjárfestu samhliða NSA í íslenska fyrirtækinu.

Öflugur norskur fjárfestir kom inn í fyrirtækið Mentis Cura og þeir erlendu fjárfestar sem voru fyrir í fyrirtækjum eins og Mentor og Mint Solutions héldu áfram að fylgja eftir fjárfestingum.

Nánasta umhverfi Nýsköpunarsjóðs tók einnig miklum breytingum á árinu. Í febrúar 2015 voru þrír nýsköpunarsjóðir stofnaðir í sömu viku. Fjárfestingasjóðirnir Frumtak 2, Eyri Sprotar og Brunnur voru fjármagnaðir í febrúar 2015. Þetta voru mjög góðar fréttir fyrir íslenskt nýsköpunarum-



# ÁVARP FRAMKVÆMDASTJÓRA

hverfi. Árin 2013 og 2014 var NSA eini inn- lendi sjóðurinn sem nýsköpunarfyrirtæki gátu leitað til. Þrátt fyrir þátttöku viðskiptatengla og erlendra fjárfesta sem fjárfestu samhliða NSA var engu að síður greinilegt á þessum tíma að ekki var nægilegt fjármagn til staðar fyrir nýsköpun. Með nýju sjóðunum þremur fá íslensk vaxtarfyrirtæki langþráð súrefni. Nýju sjóðirnir eru mikilvægir samstarfsaðilar fyrir NSA og hafa fyrirtæki úr eignasafni NSA eins og Mentor, Cooori, Remake, Atmo og Kaptio fengið framhaldsfjárfestingu úr þessum sjóðum sem er samtals á annan milljarð króna.

Það er aldrei gott að vera einn á markaði. Það er gott fyrir NSA að hafa samkeppni og samstarfsaðila. Það er líka mikilvægt að halda því til haga að þrátt fyrir að það sé búið að fjármagna þrjá nýja sjóði þá erum við sem þjóð samt ekki búin að ná því markmiði sem skýrsla Mackinsey setti okkur.

Tækifærunum fjölgar, innlendum samstarfsaðilum fjölgar og erlendum fjárfestum fjölgar. Það er mikill þrýstingur á NSA að taka þátt í þessu nýja öflugum umhverfi á Íslandi. NSA á að vaxa með umhverfinu og fara upp á næsta borð. Árið 2015 hafði Nýsköpunarsjóður ekki mikið fjármagn. Starfið hjá sjóðnum fólst aðallega í því að undirbúa sölu á hlut sjóðsins í fyrirtækjum og að hjálpa fyrirtækjum í eignasafni sjóðsins að finna fleiri fjárfesta, byggja upp reksturinn án utanaðkomandi fjármagns eða skera niður án þess að skaða rekstur félagsins varanlega. Þó er ljóst að til lengri tíma litið þá þarf að breyta umgjörð NSA til að hann geti haldið áfram að vinna í breyttu umhverfi.

## AFKOMA OG EIGNASAFN 2015

Þrátt fyrir miklar breytingar á ytra umhverfi NSA árið 2015 voru frekar litlar breytingar á rekstri NSA. Hins vegar breyttist afkoma sjóðsins töluvert. Árið 2014 skilaði NSA 200 millj. kr. hagnaði en árið 2015 varð tap upp á um 20 millj. kr.

Tapið er tilkomið vegna þess að Nýsköpunarsjóður náði ekki að selja hlut sinn í fyrirtækjum með hagnaði. Nýsköpunarsjóður var með tvær litlar útgöngur á árinu: NSA seldi hlut sinn í Stjörnu-Odda og fékk lokagreiðslu frá fyrirtækinu Kerecis. Nokkur fyrirtæki úr eignasafni sjóðsins eru í söluferli árið 2016 og vonandi verður hagnaður árið 2016.

Nýsköpunarsjóður fékk um 90 erindi til umfjöllunar á árinu og mörg þeirra voru spennandi fjárfestingartækifæri sem

samræmdust fjárfestingarstefnu sjóðsins. Þar sem fjármagn sjóðsins er takmarkað var aðeins fjárfest í einu nýju fyrirtæki á árinu; Sólfari. Í þessari fjárfestingu leiddi Nýsköpunarsjóður 260 millj. kr. fjárfestingu með þátttöku finnsku sjóðanna Inventure og Reaktor og Kínverska sjóðsins Shanda.

Megnið af fjárfestingu NSA á árinu fór hins vegar í að styðja við fyrirtæki í núverandi eignasafni. Sjóðurinn átti eignarhlut í 33 fyrirtækjum í lok árs. Fjárfest var fyrir samtals 334 millj. kr. í eftirfarandi fyrirtækjum:

- Mentor
- Cooori
- Azaso
- Mentis Cura
- Dohop
- Remake
- Lífeind

Heildareignir sjóðsins voru 5.249 millj. kr. í árslok 2015. Eign sjóðsins í eignarhlutum í fyrirtækjum var metin á 2.746 millj. kr. Eignarhlutur í eignum sjóðsins í öðrum sjóðum var metin á 1.482 millj. kr.

Útlán til félaga í eignasafni sjóðsins voru metin á um 403 millj. kr.

Að lokum vil ég þakka stjórn og starfsmönnun Nýsköpunarsjóðs fyrir einstaklega ánægjulegt samstarf á árinu. Stjórn og starfsmenn lögðu sig fram við að gera alla umgjörð NSA sem vandaðasta og öll höfum við metnað í að gera umhverfið hér sem best fyrir íslensk nýsköpunarfyrirtæki sem ætla á alþjóðamarkað.



**ALMAR GUÐMUNDSSON**  
**FORMAÐUR**

Almar er hagfræðingur frá Háskóla Íslands og með MBA-gráðu frá London Business School. Almar er framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins en innan samtakana eru um 1.300 iðnfyrirtæki af öllum stærðum og gerðum. Hann starfaði áður sem framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda og hefur einnig á undanförunum árum fengist við kennslu við Háskólann í Reykjavík. Almar hefur komið að stjórnarstörfum á ýmsum sviðum og má þar nefna Skeljung hf., Vottun ehf. og knattspyrnudeild Stjórnunnar. Árin 1997 til 2008 starfaði Almar við ýmis stjórnunarstörf innan Íslandsbanka.



**ERLA ÓSK PÉTURSDÓTTIR**

Erla er með BA-gráðu í hagfræði frá Macalester College í Minnesota í Bandaríkjunum. Hún er gæða- og þróunarstjóri hjá sjávarútvegsfyrirtækinu Vísi hf. Erla er einnig stjórnarformaður Codland en fyrirtækið hefur það að markmiði að hámarka fullnýtingu á þorski. Eftir nám í Bandaríkjunum starfaði hún hjá Avant Energy í Minneapolis og síðan hjá Ocean Choice International í St. John's í Kanada. Erla situr í stjórn Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi og stjórn Fisktækniskólans.



**ÁSTA ÞÓRARINSDÓTTIR**

Ásta er hagfræðingur frá Háskóla Íslands og er með MS-gráðu í Investment Management frá City University í London. Hún er framkvæmdastjóri Sinnum ehf. og annar af stofnendum þess og er einnig framkvæmdastjóri Evu ehf. móðurfélags Sinnum. Eva ehf. var stofnað árið 2007 og Sinnum árið 2008 og starfa fyrirtækin á velferðarsviði m.a. við heimaþjónustu og rekstur sjúkrahótels. Ásta hefur setið í mörgum stjórnnum og nefndum bæði á einkamarkaði og hjá hinu opinbera s.s. Jökllum - verðbréfum, Gangverði ehf., ISB Holding, LÍN og Yfirfasteignamatnefnd. Áður en Ásta hóf störf hjá eigin fyrirtæki starfaði hún m.a. hjá Thule Investments og Fjármálaeftirlitinu.

# STJÓRN NÝSKÖPUNARSJÓÐS

---



ÓLAFÍA B. RAFNSDÓTTIR

Ólafía útskrifaðist með MBA-gráðu við Háskóla Íslands árið 2012. Hún lauk námi í mannauðsstjórnun við Endurmenntun Háskóla Íslands árið 2005 og verkefnastjórnun og leiðtogaþjálfun við Endurmenntun Háskóla Íslands árið 2004. Ólafía hefur verið formaður VR frá árinu 2013 og er varaforseti ASÍ. Áður starfaði hún sem framkvæmdastjóri mannauðssviðs hjá 365 miðlum og þar áður hjá Tal og Islandia Internet.



SIGRÍÐUR VIGDÍS VIGFÚSDÓTTIR

Sigríður Vigdís Vigfúsdóttir er framkvæmdastjóri líftæknifyrirtækisins Primex ehf. þar sem hún hefur unnið frá árinu 2001 og verið leiðandi í uppbyggingu þess. Sigríður er snyrtifræðingur að mennt og var áður með eigin atvinnurekstur. Hún hefur sótt fjölda námskeiða í markaðsfræðum auk þess hefur hún lokið útlutningsverkefninu ÚH hjá Íslandsstofu og Stjórnendur í sjávarútvegi hjá HR. Sigríður situr í fagráði iðnaðar og þjónustu hjá Íslandsstofu.



**HELGA VALFELLS**  
**FRAMKVÆMDASTJÓRI**

Helga lauk BA-prófi frá Harvard University árið 1988 og MBA-prófi frá London Business School árið 1994. Helga hefur unnið hjá Íslandsbanka, Estée Lauder, Merrill Lynch og Útflutningsráði Íslands. Helga hefur jafnframt starfað sem sjálfstætt starfandi ráðgjafi, komið að stofnun þriggja fyrirtækja og verið aðstoðarmaður Gylfa Magnússonar viðskiptaráðherra. Helga hóf störf hjá Nýsköpunarsjóði í ágúst 2009 og var ráðin framkvæmdastjóri í mars 2010. Frá því að Helga hóf störf hjá NSA hefur hún samtals komið að 14 útgöngum og setið í stjórn samtals 11 fyrirtækja fyrir hönd sjóðsins.

Stjórnarseta fyrir NSA: Frumtak, Mentor, Icelandic Startups og Dohop



**EGILL MÁSSON**  
**FJÁRFESTINGASTJÓRI**

Egill lauk BS-prófi í tölvunar- og eðlisfræði frá Háskólanum í Kaupmannahöfn árið 1987 og MS-prófi í tölvunarfræði frá sama skóla árið 1990. Hann starfaðisem forritari hjá Niels Bohr Institut og við rannsóknir hjá NEuroTech A/S í Danmörku. Egill starfaði hjá Taugagreiningu hf. í 16 ár, fyrst við rannsóknir og síðar sem framkvæmdastjóri. Hann vann síðan við markaðsstörf hjá bandaríska félaginu CareFusion í þrjú ár og var yfirmaður viðskiptagreiðna og hugbúnaðarhögunar hjá Arion banka í þrjú ár. Egill hóf störf hjá Nýsköpunarsjóði árið 2010.

Stjórnarseta fyrir NSA: Sólfar Studios, Greencloud, Akthelia, Remake electric, Kaptio, Gangverð og Azazo



**GÍSLI BENEDIKTSSON**  
**FJÁRFESTINGASTJÓRI**

Gísli lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík árið 1967 og útskrifaðist síðan frá viðskiptadeild Háskóla Íslands árið 1971. Gísli hefur unnið hjá Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins frá stofnun. Áður var hann sérfræðingur hjá lðnlánasjóði og hafði þá m.a. umsjón með vöruþróunar- og markaðsdeild sjóðsins. Eftir útskrift frá viðskiptadeild Háskóla Íslands starfaði Gísli sem skrifstofustjóri hjá Félagi íslenskra iðnrekenda í fjögur ár og útibússtjóri hjá lðnaðarbanka Íslands hf. í eitt ár.

Gísli hefur setið í stjórnnum 25 fyrirtækja, selt hluti sjóðsins í 6 fyrirtækjum auk þess að vera varamaður í fjölda stjórna. Gísli er einnig ritari Fjárfestingaráðs sjóðsins.

Stjórnarseta fyrir NSA: Stiki, Lífeind og Valka



**HEKLA ARNARDÓTTIR**  
**FJÁRFESTINGASTJÓRI**

Hekla lauk C.Sc.-prófi í véla- og iðnaðarverkfræði frá Háskóla Íslands vorið 1999. Eftir nám hóf hún störf hjá Össuri hf. og var hjá félaginu á miklu vaxtarskeiði þegar fyrirtækið óx úr 50 manna fyrirtæki með eina vöru í 1200 manna alþjóðlegt fyrirtæki með heildstæða vörulínu, þar á meðal rafeindastýrða gervifætur. Hjá Össuri leiddi Hekla vöruþrófanir hjá þróunardeild og starfaði síðar sem vörustjóri á Asíumarkaði með aðsetur í Shanghai. Hekla hóf störf hjá Nýsköpunarsjóði árið 2010 og hefur síðan þá setið í stjórnnum 13 tæknifyrirtækja í mismunandi atvinnugreinum og má helst nefna upplýsingatækni, heilbrigðistækni og kennslutækni. Hekla hefur fundið og lokað fjölmörgum nýfjárfestingum fyrir sjóðinn, unnið að viðsnúningi fyrirtækja og komið að nokkrum útgöngum. Stjórnarseta fyrir NSA: Men and Mice, Cooori, 3Z, Admit og Mint Solutions



**JENNÝ RUTH HRAFNSDÓTTIR**  
**FJÁRFESTINGASTJÓRI**

Jenný lauk BS-prófi í véla- og iðnaðarverkfræði frá Háskóla Íslands og Dipl-Ing-verkfræðiprófi frá Univeristät Karlsruhe í Þýskalandi árið 2004. Síðast starfaði Jenný sem framkvæmdastjóri markaðs- og viðskiptaþróunarviðs hjá BiOM Inc í Boston. Þar áður gegndi hún stöðu framkvæmdastjóra Krumma ehf. og var vörustjóri hjá Össuri hf. Jenný hóf störf fyrir sjóðinn árið 2014.

Stjórnarseta fyrir NSA: Gangverk, Oxymap, Mentis Cura, Lífeind og Stiki



**SMÁRI ÞÓRARINSSON**  
**FJÁRMÁLASTJÓRI**

Smári er fjármálastjóri Nýsköpunarsjóðs og hefur verið það frá stofnun hans árið 1998. Hann starfaði áður hjá Fiskveiðasjóði Íslands frá 1978-1997, fyrst sem bókarari og svo deildarstjóri tölvudeildar. Hann gegndi stöðu aðalbóckara hjá Fiskveiðasjóði Íslands árin 1992-1997. Hann hefur setið í stjórnnum 33 fyrirtækja, selt hluti sjóðsins í 24 fyrirtækjum og slitið 11, auk þess að hafa verið varamaður í fjölda stjórna.

Stjórnarseta fyrir NSA: Oxymap og Norrænar Myndir



# STARFSMENN

HEKLA

SMÁRI

HELGA



EGILL

SVALA

GÍSLI

JENNY







# ÁRSREIKNINGUR

**2015**

# ÁRITUN ÓHÁÐRA ENDURSKOÐENDA

## TIL STJÓRNAR NÝSKÖPUNARSJÓÐS ATVINNULÍFSINS

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins fyrir árið 2015. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

## ÁBYRGÐ STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRA Á ÁRSREIKNINGNUM

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við gildandi lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

## ÁBYRGÐ ENDURSKOÐENDA

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðunin felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til innra eftirlits sjóðsins, uppbyggingu og virkni þess. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægjanlegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

## ÁLIT

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2015, efnahag hans 31. desember 2015 og breytingu á handbæru fé á árinu 2015, í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík 3. maí 2016

ENDURSKOÐENDAJÓNUSTAN EHF.

Sævar Þór Sigurgeirsson  
löggiltur endurskoðandi

Sveinn R. Reynisson  
löggiltur endurskoðandi



# ÁRITUN STJÓRNAR

Ársreikningur Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins (NSA) fyrir árið 2015 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningskilareglur.

Rekstrartekjur ársins 2015 námu 120,1 milljón króna samanborið við 447,8 milljónir króna árið áður. Rekstrargjöld ársins námu 139,5 milljónum króna samanborið við 246,2 milljónir króna árið áður. Tap ársins var 19,4 milljónir króna samanborið við 201,6 milljóna króna hagnað árið áður.

Samkvæmt efnahagsreikningi námu heildareignir sjóðsins samtals 5.249,2 milljónum króna í árslok 2015. Bókfært eigið fé á sama tíma nam samtals 5.217,3 milljónum króna og eiginfjárlutfall sjóðsins því 99,4%.

Heildarfjárfestingar NSA í eignarhlutum og samlagssjóðum námu samtals 593,7 milljónum króna á árinu 2015. Á árinu var fjárfest í einu nýju félagi og í ellefu félögum og samlagssjóðum sem NSA átti hlut í fyrir.

Á árinu störfuðu sjö starfsmenn hjá sjóðnum.

Það er álit stjórnar og framkvæmdastjóra NSA að í ársreikningi þessum komi fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu sjóðsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Stjórn og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2015 með undirritun sinni.

Reykjavík 3. maí 2016

Í STJÓRN

Almar Guðmundsson

Ásta Þórarinsdóttir

Ólafía B. Rafnsdóttir

Erla Ósk Pétursdóttir

Sigríður Vigdís Vigfúsdóttir

FRAMKVÆMDASTJÓRI

Helga Valfells

# REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS 2015

## Rekstrartekjur

	Skýringar	2015	2014
Vaxtatekjur og arður af fjárfestingarverkefnum .....		61.190.452	71.356.055
Vaxtatekjur og vörslutekjur af inneignum .....	3	48.431.883	60.738.439
Aðrar rekstrartekjur .....		2.414.400	3.460.000
Söluhagnaður af eignarhlutum .....		<u>8.029.557</u>	<u>312.208.086</u>
		120.066.292	447.762.580

## Rekstrargjöld

Framlag í afskriftareikning fjárfestingarverkefna .....	9	(25.836.809)	102.424.385
Aðkeyptur kostnaður við fjárfestingarverkefni .....		11.148.257	8.341.411
Laun og launatengd gjöld .....	4	99.790.970	78.221.309
Annar almennur rekstrarkostnaður .....		55.969.680	61.006.927
Þátttaka annarra sjóða í rekstri .....		(6.700.000)	(7.200.000)
Veittir styrkir .....		4.692.053	2.897.233
Afskriftir .....	5	<u>407.450</u>	<u>509.312</u>
		139.471.601	246.200.577

## (Tap) hagnaður ársins

	<u>(19.405.309)</u>	<u>201.562.003</u>
--	---------------------	--------------------

# EFNAHAGSREIKNINGUR

## 31. DESEMBER 2015

Eignir	Skýringar	2015	2014
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	5	2.745.772	3.153.222
Eignahlutar .....	6	3.489.649.786	3.068.157.967
Útlán .....	7	403.680.247	607.829.692
Samlagssjóðir og samlagshlutafélög .....	8	1.609.126.173	1.573.899.281
Afskriftareikningur fjárfestingarverkefna .....	9	<u>(953.208.644)</u>	<u>(979.045.453)</u>
		4.551.993.334	4.273.994.709
<b>Veltufjármunir</b>			
Aðrar skammtímakröfur .....	10	76.690.066	64.679.433
Markaðsverðbréf, fjárvarsla .....	11	298.081.762	362.263.732
Handbært fé .....	12	<u>322.446.123</u>	<u>669.947.437</u>
		697.217.951	1.096.890.602
<b>Eignir samtals</b>		<u><u>5.249.211.285</u></u>	<u><u>5.370.885.311</u></u>

# EFNAHAGSREIKNINGUR

## 31. DESEMBER 2015

### Eigið fé og skuldir

#### Eigið fé

Stofnfé .....

Annað eigið fé .....

#### Skammtímaskuldir

Skuldir vegna verkefna .....

Aðrar skammtímaskuldir .....

### Eigið fé og skuldir samtals

Skýringar	2015	2014
	4.821.767.472	4.821.767.472
	<u>395.538.580</u>	<u>414.943.889</u>
13	5.217.306.052	5.236.711.361
16	5.365.258	110.000.000
15	<u>26.539.975</u>	<u>24.173.950</u>
	31.905.233	134.173.950
	<u><u>5.249.211.285</u></u>	<u><u>5.370.885.311</u></u>

# YFIRLIT UM SJÓÐSTREYMI ÁRSINS 2015

## Rekstrarhreyfingar

Innborgaðar vaxtatekjur og gengismunur bankareikninga .....	9.280.889	15.234.201
Innborgaðar aðrar tekjur .....	1.761.374	3.657.151
Innborgaðar tekjur af fjárfestingarverkefnum .....	104.373.511	120.985.308
Greiddur rekstrarkostnaður .....	(157.842.882)	(141.010.160)
Greiddir styrkir .....	<u>(4.692.053)</u>	<u>(2.897.233)</u>
Handbært fé til rekstrar:	(47.119.161)	(4.030.733)

## Fjárfestingahreyfingar

Keyptir fastafjármunir .....	0	(1.764.269)
Ný útlán .....	(208.183.062)	(331.819.435)
Fjárfest í samlagssjóðum .....	8 (35.226.892)	(63.333.333)
Fjárfest í eignarhlutum .....	(558.490.591)	(390.373.567)
Seldir eignarhlutir .....	70.393.587	489.776.931
Útborgað úr samlagssjóðum .....	0	130.385.043
Hreyfingar fjárvörslu markaðsverðbréfa .....	64.181.970	115.641.222
Fengnar afborganir útlána .....	<u>366.942.835</u>	<u>356.760.401</u>
	(300.382.153)	305.272.993

## (Lækkun) hækkun á handbæru fé

Handbært fé í byrjun ársins .....	669.947.437	368.705.177
<b>Handbært fé í árslok</b>	<u><u>322.446.123</u></u>	<u><u>669.947.437</u></u>



## SKÝRINGAR MEÐ ÁRSREIKNINGU

### 1. STARFSEMI

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins starfar samkvæmt lögum nr. 61/1997 og er samkvæmt þeim sjálfstæð stofnun í eigu Ríkissjóðs Íslands. Yfirumsjón með sjóðnum er í höndum atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra. Hlutverk Nýsköpunarsjóðs er að stuðla að uppbyggingu og vexti íslensks atvinnulífs með því að taka þátt í fjárfestingum í sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum. Í þessu skyni er sjóðnum heimilt að leggja fram hlutafé, veita lán og ábyrgðir.

Starfsemi Nýsköpunarsjóðs skiptist í tvær deildir, Stofnsjóð og Tryggingardeild útflutnings.

#### **Stofnsjóður**

Í Stofnsjóði er eigið fé sjóðsins eins og það er varðveitt og ávaxtað á hverjum tíma. Undir Stofnsjóð heyrir allur almennur rekstur Nýsköpunarsjóðs, deilda hans og sjóða.

#### **Tryggingardeild útflutnings**

Deildinni er ætlað að veita tryggingar og ábyrgðir til þess að efla íslenskan útflutning á vöru og þjónustu, auka íslenskar fjárfestingar erlendis, þátttöku í verklegum framkvæmdum erlendis og þátttöku í stærri verklegum framkvæmdum hérlendis.

### 2. REIKNINGSSKILAAÐFERÐIR

#### **Grundvöllur reikningsskilanna**

Ársreikningur Nýsköpunarsjóðs fyrir árið 2015 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggist á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins:

#### **Mat og ákvarðanir**

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

#### **Erlendir gjaldmiðlar**

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningsskiladags. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

## SKÝRINGAR MEÐ ÁRSREIKNINGI

### **Fjármagnskostnaður**

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

### **Tekjuskattur**

Sjóðurinn er undanþeginn tekjuskatti samkvæmt lögum nr. 90/2003 um tekjuskatt.

### **Varanlegir rekstrarfjármunir**

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast sjóðnum og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni á viðeigandi stað og í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu að teknu tilliti væntalegs hrakvirðis.

### **Fjáreignir**

Eignarhlutar í félögum, fjárfesting í samlagssjóðum og útlán sem áætlað er að eiga fram á gjalddaga eru metin á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

Markaðsverðbréf eru verðbréf sem skráð eru á virkum markaði og keypt í þeim tilgangi að hagnast á skammtímaverðbreytingum. Markaðsverðbréf eru færð á markaðsverði og færast matsbreyting í rekstrarreikning á því tímabili sem hún fellur til.

### **Viðskiptaskuldir**

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði.

### **Skuldbindingar**

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að sjóðurinn verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

## SKÝRINGAR MEÐ ÁRSREIKNINGI

### 3. VÖRSLUTEKJUR OG ÞÓKNUNARTEKJUR

	<u>2015</u>	<u>2014</u>
<b>Vaxtatekjur og vörslutekjur af inneignum</b>		
Vaxtatekjur af bankainnistæðum .....	6.082.698	2.264.033
Gengismunur .....	3.198.191	12.970.168
Tekjur af vörslusjóðum .....	39.150.994	45.504.238
	<u>48.431.883</u>	<u>60.738.439</u>

### 4. LAUN OG ANNAR STARFSMANNKOSTNAÐUR

Laun .....	74.393.094	58.606.014
Lífeyrissjóður .....	11.537.392	9.495.266
Önnur launatengd gjöld .....	6.999.179	6.037.358
Annar starfsmannakostnaður .....	6.861.305	4.082.671
	<u>99.790.970</u>	<u>78.221.309</u>
Stöðugildi að meðaltali .....	7	6

Heildarlaun og þóknanir til stjórnar og framkvæmdastjóra sjóðsins á árinu 2015 námu 17,1 milljónum króna. Laun framkvæmdastjóra eru ákvörður af kjararáði. Á árinu 2014 námu heildarlaun og þóknanir til stjórnar og framkvæmdastjóra élagsins 16,2 milljónum króna

## SKÝRINGAR MEÐ ÁRSREIKNINGI

### 5. VARANLEGIR REKSTRARFJÁRMUNIR OG AFSKRIFTIR

	<b>Innréttingar, skrifstofuáhöld</b>	<b>Tölvubúnaður</b>	<b>Samtals</b>
Heildarverð 1.1 .....	7.299.663	1.469.885	8.769.548
Heildarverð 31.12 .....	7.299.663	1.469.885	8.769.548
Afskrifað 1.1 .....	4.293.430	1.322.896	5.616.326
Afskriftir ársins .....	407.450	0	407.450
Staða 31.12 .....	4.700.880	1.322.896	6.023.776
Bókfært verð 1.1 .....	3.006.233	146.989	3.153.222
Bókfært verð 31.12 .....	2.598.783	146.989	2.745.772
Afskriftarhlutföll .....	20%	33%	
Vátryggingarmat eigna félagsins í árslok greinist þannig :			
Innréttingar, skrifstofuáhöld og tölvubúnaður .....			13.323.700

## SKÝRINGAR MEÐ ÁRSREIKNINGI

### 6. EIGNARHLUTAR

Eignarhlutir í öðrum félögum eru færðir á kostnaðarverði eða gangvirði reynist það lægra í samræmi við 40. gr. og 70 gr. laga um ársreikninga þar sem þeirra er aflað eingöngu í þeim tilgangi að endurselja þá.

	<u>2015</u>	<u>2014</u>
Eignarhlutar í upphafi árs .....	3.068.157.967	3.092.327.454
Fjárfest í nýjum eignarhlutum.....	548.648.303	390.373.567
Bókfært verð seldra eignarhluta .....	(52.521.742)	(279.819.777)
Endanlega afskrifaðir eignarhlutar .....	0	(128.923.277)
Óútborguð fjárfestingarverkefni, breyting .....	(74.634.742)	(5.800.000)
	<u>3.489.649.786</u>	<u>3.068.157.967</u>

#### Eignarhlutar í fyrirtækjum

3Z ehf. ....	30,0%	Greencloud ehf. ....	29,4%
Admit ehf. ....	30,0%	Icelandic Startups ehf. ....	15,9%
AGR - Aðgerðargreining ehf. ....	5,2%	Kaptio ehf. ....	20,3%
Akthelia ehf. ....	22,9%	Lifeind ehf. ....	71,5%
AMP ehf. ....	43,3%	Menn og mýs ehf. ....	27,4%
Atmo Select ehf. ....	6,3%	Mentis Cura ehf. ....	15,7%
Auris ehf. ....	19,7%	Mentor ehf. ....	13,9%
Azazo ehf (Gagnavarslan) .....	17,2%	Mint Solutions ehf. ....	11,4%
Cooori ehf. ....	26,6%	Norrænar myndir ehf. ....	42,5%
Dohop ehf. ....	10,7%	Oxymap ehf. ....	35,9%
Expeda ehf. ....	15,8%	Oz ehf. ....	1,4%
Fjölblendir ehf. ....	13,1%	ReMake Electric ehf. ....	24,2%
Frumtak GP ehf. ....	43,0%	Sólfar Studios ehf. ....	15,5%
Gangverð ehf. ....	36,0%	Stiki ehf. ....	42,2%
Genís ehf. ....	10,3%	Transmit ehf. ....	41,4%
Geogreenhouse ehf. ....	20,0%	Valka ehf. ....	19,0%
Gogogic ehf. ....	50,0%		



## SKÝRINGAR MEÐ ÁRSREIKNINGI

### 7. ÚTLÁN

Útlán sem áætlað er að eiga fram á gjalddaga eru metin á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

	<b>2015</b>	<b>2014</b>
Útlán í upphafi .....	607.829.692	698.578.003
Ný útlán .....	208.183.062	312.819.435
Afborganir útlána .....	(366.942.835)	(356.760.401)
Áfallnir vextir, breyting .....	(45.389.672)	(46.807.345)
Endanlega afskrifuð útlán .....	0	0
	<u>403.680.247</u>	<u>607.829.692</u>

### 8. SAMLAGSSJÓÐIR OG SAMLAGSHLUTAFÉLÖG

Nýsköpunarsjóði er heimilt að taka þátt í samlagssjóðum og samlagshlutafélögum sem stunda fjárfestingar í sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum, enda nemi eignarhlutur Nýsköpunarsjóðs minna en 50%.

Eignarhlutir í samlagssjóðum og samlagshlutafélögum eru færðir á kostnaðarverði eða gangvirði reynist það lægra í samræmi við 40. gr. og 70 gr. laga um ársreikninga þar sem þeirra er aflað eingöngu í þeim tilgangi að endurselja þá.

	<b>2015</b>	<b>2014</b>
Samlagssjóðir í upphafi .....	1.573.899.281	1.640.950.991
Fjárfesting í samlagssjóðum .....	35.226.892	63.333.333
Útborganir samlagssjóða .....	0	(130.385.043)
	<u>1.609.126.173</u>	<u>1.573.899.281</u>
	<u>Hlutdeild</u>	<u>Kaupverð</u>
Frumtak slhf.* .....	37,04%	1.333.999.797
AUÐUR I .....	4,69%	130.047.977
Brú II .....	4,30%	145.078.399
		1.609.126.173

\* Hlutafjáreign Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins í Frumtaki slhf. er víkjandi fyrir hlutafjáreign annarra hluthafa í félaginu þannig að áður en Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins á rétt á að fá útborgað við slit á Frumtaki slhf. eiga aðrir hluthafar rétt á að fá hlutafé sitt greitt að fullu áður. Ábyrgð Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins vegna þessa er þó að hámarki 1.300 milljónir króna. Tekið hefur verið tillit til þessa við mat á niðurfærsluþörf á eignarhlutum.

## SKÝRINGAR MEÐ ÁRSREIKNINGI

### 9. AFSKRIFTAREIKNINGAR FJÁRFESTINGARVERKEFNA

Afskriftareikningur fjárfestingarverkefna er myndaður til að mæta þeirri áhættu sem fylgir eignarhlutum, útlánnum og fjárfestingu í samlagssjóðum. Lagt er í þennan afskriftareikning árlega með hliðsjón af metinni áhættu hverju sinni en aldrei er virði eigna fært á hærra verði en kaupverði. Við mat fjárfestingarverkefna er beitt leiðbeinandi reglum evrópskra framtaksfjárfesta (EVCA Valuation Guidelines).

Breyting á afskriftareikningi fjárfestingarverkefna greinist svo:

	<b>2015</b>	<b>2014</b>
Afskriftareikningur í upphafi árs .....	979.045.453	1.134.201.509
Framlag ársins í afskriftareikning (lækkun) hækkun .....	(25.836.809)	102.424.385
Endanlega töpuð fjárfestingarverkefni .....	0	(257.580.441)
	<u>953.208.644</u>	<u>979.045.453</u>

Afskriftarsjóður fjárfestingarverkefna í efnahagsreikningi greinist þannig:

	<b>2015</b>	<b>2014</b>
Framlag ársins í afskriftareikning og sölutap .....	(76.219.956)	102.424.385
Niðurfærsla skammtímakrafna vegna fjárfestingarverkefna .....	50.383.147	0
	<u>(25.836.809)</u>	<u>102.424.385</u>

Gjaldfærslur afskrifta fjárfestingarverkefna í rekstrarreikningi greinast þannig:

Afskriftareikningur eignarhluta .....	742.683.496	823.403.451
Afskriftareikningur útlána .....	83.446.749	95.563.603
Afskriftareikningur samlagssjóða og samlagshlutafélaga .....	127.078.399	60.078.399
	<u>953.208.644</u>	<u>979.045.453</u>

## SKÝRINGAR MEÐ ÁRSREIKNINGI

### 10. AÐRAR PENINGALEGAR EIGNIR

Aðrar skammtímakröfur:

	<b>2015</b>	<b>2014</b>
Kröfur vegna seldra eignarhluta .....	10.888.416	1.614.603
Aðrar kröfur .....	65.801.650	63.064.830
	<u>76.690.066</u>	<u>64.679.433</u>

### 11. MARKAÐSVERÐBRÉF, FJÁRVARSLA

Vörslusjóðir:

Nýsköpunarsjóður hefur gert samninga um ávöxtun og fjárvörslu við aðila innanlands.

	<b>2015</b>	<b>2014</b>
Fjárvarsla í erlendri mynt .....	0	0
Fjárvarsla í íslenskum krónum .....	298.081.762	362.263.732
	<u>298.081.762</u>	<u>362.263.732</u>

Þróun vörslusjóða greinist þannig:

Staða í upphafi árs .....	362.263.732	477.904.954
Innborgað til fjárvörsluaðila .....	0	217.854.540
Útborgað frá fjárvörsluaðilum .....	(103.484.567)	(379.000.000)
Markaðsbreytingar vörslusjóða .....	39.302.597	45.504.238
	<u>298.081.762</u>	<u>362.263.732</u>

### 12. HANDBÆRT FÉ

Handbært fé félagsins samanstendur af óbundnum bankainnistæðum og sjóðum.

	<b>2015</b>	<b>2014</b>
Bankainnistæður og sjóðir .....	293.011.699	349.605.913
Bankainnistæður og sjóðir í fjárvörslu .....	29.434.424	320.341.524
	<u>322.446.123</u>	<u>669.947.437</u>

## SKÝRINGAR MEÐ ÁRSREIKNINGI

### 13. EIGIÐ FÉ

Innborgað stofnfé er samtals kr. 4.821.767.472. Í 7. gr. laga nr. 61/1997 með síðari breytingum um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins segir að eigið fé Nýsköpunarsjóðs skuli að lágmarki vera 3.000 milljónir kr. Lágmarksfjárhæð þessi skal taka breytingum í samræmi við breytingar á vísitölu neysliverðs frá 1. janúar 2007. Eigið fé er 5.217 milljónir króna í árslok 2015 og til samanburðar er lágmarksfjárhæð sú sem sett er fram í lögum og vitnað er til hér að ofan 4.713 milljónir króna.

Hreyfingar eigin fjár greinast á eftirfarandi hátt:

	<b>Stofnfé</b>	<b>Óráðstafað eigið fé</b>	<b>Samtals eigið fé</b>
Eigð fé 1.1.2014 .....	4.821.767.472	213.381.886	5.035.149.358
Hagnaður ársins 2014 .....		201.562.003	201.562.003
	<u>4.821.767.472</u>	<u>414.943.889</u>	<u>5.236.711.361</u>
Tap ársins 2015 .....	0	(19.405.309)	(19.405.309)
Eigð fé 31.12.2015	<u>4.821.767.472</u>	<u>395.538.580</u>	<u>5.217.306.052</u>

Eigið fé Nýsköpunarsjóðs skiptist með eftirfarandi hætti milli einstakra deilda:

	<u>31.12.2015</u>	<u>31.12.2014</u>
Stofnsjóður .....	5.206.863.937	5.226.123.136
Tryggingardeild útflutnings .....	10.588.225	10.588.225
	<u>5.217.452.162</u>	<u>5.236.711.361</u>

Samkvæmt 12. grein laga um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins er miðað við að iðgjöld og tryggingarhlutföll standi undir rekstri Tryggingardeildar útflutnings, greiðslu tjónabóta og myndunar varasjóðs þannig að starfsemin standi undir sér til lengri tíma litið. Tekjuafgangur leggst í sérstakan varasjóð og skal honum varið til greiðslu tjónabóta. Ríkssjóður ábyrgist að öðru leyti skuldbindingar deildarinnar.

## SKÝRINGAR MEÐ ÁRSREIKNINGI

### 14. TENGDIR AÐILAR

Eigandi, stjórnarmenn, lykilstjórnendur og félög og stofnanir í þeirra eigu teljast vera tengdir aðilar sjóðsins. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila. Ekki eru sérstaklega tilgreind viðskipti við ríkissjóð eða félög og stofnanir í hans eigu en þau viðskipti eru eins og um ótengda aðila væri að ræða.

Upplýsingar varðandi tengda aðila eru eftirfarandi:

Viðskipti við tengd félög árið 2015

	<b>Keypt þjónusta og vörur</b>	<b>Þátttaka í kostnaði</b>	<b>Kröfur</b>	<b>Skuldir</b>
Frumtak 2 GP ehf. ....	0	5.500.000	0	0
Frumtak GP ehf. ....	0	1.200.000	0	0
	<u>0</u>	<u>6.700.000</u>	<u>0</u>	<u>0</u>

Viðskipti við tengd félög árið 2014

	<b>Keypt þjónusta og vörur</b>	<b>Þátttaka í kostnaði</b>	<b>Kröfur</b>	<b>Skuldir</b>
Frumtak GP ehf. ....	0	7.200.000	0	0
	<u>0</u>	<u>7.200.000</u>	<u>0</u>	<u>0</u>

### 15. AÐRAR PENINGALEGAR SKULDIR

	<b>2015</b>	<b>2014</b>
Ógreiddur kostnaður .....	3.943.287	3.813.221
Áunnið orlof .....	10.963.305	8.727.346
Skuld við ríkisábyrgðarsjóð.....	11.633.383	11.633.383
	<u>26.539.975</u>	<u>24.173.950</u>



## SKÝRINGAR MEÐ ÁRSREIKNINGI

### 16. SKULDIR VEGNA VERKEFNA

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins hefur veitt loforð um fjárfestingar til nokkurra fyrirtækja annaðhvort í formi eignarhluta eða útlána að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Skuldbinding í árslok sem færð er meðal skammtímaskulda nemur samtals 5,4 milljónum króna en nam samtals 110,0 milljón króna í árslok 2014.

### 17. SKULDBINDINGAR UTAN EFNAHAGSREIKNINGS

Ógreidd fjárfestingarloforð vegna samlagssjóða og samlagshlutafélaga nema í lok ársins 2015 um 38,5 milljónum króna samanborið við 78,9 milljónir króna í árslok 2014.

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins er í ábyrgð fyrir einu bankaláni samtals að fjárhæð 12 milljónir króna í lok árs 2015 samanborið við 15,9 milljónir króna í árslok 2014.

Tryggingardeild útflutnings hefur veitt ábyrgð til þriðja aðila. Á reikningsskiladegi voru eftirstöðvar þessarar ábyrgðar um 189,9 milljónir króna. Samningar standa yfir um lækkun ábyrgðarskuldbindingarinnar.

### 18. SAMÞYKKI ÁRSREIKNINGS

Ársreikningurinn var samþykktur á stjórnarfundum hinn 3. maí 2016.



NÝSKÖPUNARSJÓÐUR